

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 3, 6. janúar 2009, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2009.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
Allar veiðar sunnan við 66°N eru bannaðar.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
Við veiðarnar skal makrílafli ekki fara yfir 10% af heildarafla á hverju þriggja vikna tímabili.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2009.

F. h. r.

Hrefna Gísladóttir.

Kristján Freyr Helgason.